



Opið er fyrir umsóknir um stofnframlög

Auglýst er eftir umsóknum fyrir árið 2018 um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:

- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða.
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguíbúðir fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum.

Auk þess verður lögð áhersla á:

- Hagkvæmar íbúðir hvað stærð og herbergja-fjölda varðar sbr. viðmiðunarstærðir.
- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað.
- Íbúðir sem uppfylla þarfir íbúa á hverju svæði.
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa.
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun.

Viðmiðunarstærðir

Við úthlutun verður horft til þess að íbúðir séu að jafnaði ekki stærri en eftirfarandi tafla segir til um:

Fjöldi herbergja	Hámarksstærð m.v. herbergjafjölda
Einstaklingsíbúð	50 m ²
2ja herbergja íbúð	60 m ²
3ja herbergja íbúð	80 m ²
4ra herbergja íbúð	95 m ²
5 herbergja íbúð	110 m ²

Umsóknum skal skila inn á rafrænu formi á heimasíðu sjóðsins. Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2018.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðaláanasjóðs, www.ils.is.

**Umsóknarfrestur:
31. október 2018**

